

# Ladies Circle á Íslandi



## MTM Tartu

Þann 12. febrúar lögðum við Ester varalandsforseti og Hildur Bára landsforseti í ferð á miðsvetrarfund Ladies Circle International (LCInt.) í Tartu, Eistlandi.

Þar sem flugsamgöngur leyfðu ekki beint flug þurftum við að millilenda í Finnlandi. Við auglýstum á facebook eftir LC konu sem vildi hýsa okkur í Finnlandi og hafði Hanna varalandsforseti þar samband við okkur, bauð okkur gistingu og jafnframt velkomnar á klúbbfund um kvöldið.

Við þáðum það að sjálfsgöðu og áttum góða kvöldstund með LC 18 þar sem við skoðuðum meðal annars ráðhúsið í Helsinki.

Á flugvellinum hittum við svo konur frá LC Belgíu sem fóru með okkur í litlu rellunni á áfangastað til Tartu.

Tartu er háskólabær og búa þar um 100 þúsund manns. Þrátt fyrir fátækt og mikið af hrörlegum húsum gladdi það okkur ferðalanganna að finna frítt wifi nánast allsstaðar. Við nýttum tímann á föstudagsmorgninum til að fara í mjög áhugavert SPA sem er gaman að segja frá en við getum engan veginn mælt með.

Á föstudeginum var svo setningarathöfn hjá borgarstjóranum þar sem hann bauð okkur velkomnar til Tartu, þaðan var farið á bar þar sem okkar beið hláðborð af kræsingum í föstu og fljótandi formi.

Fundurinn sjálfur var á laugardeginum í sal í „aha center“ sem er safn með allskonar ótrúlegum hlutum og voru nokkrar hugrækar konur sem hljóluðu meðal annars á línu hátt uppí lofti í hádegishléinu.

Við fengum kynningu á næsta AGM, farið var yfir góðgerðaverkefni en helstu umræðuefni voru hvernig laða eigi nýjar konur í LC og hver er staða kvenna eftir 45 ára aldur. Einnig voru sýnd löggin í söngvakeppni LC sem voru misslæm og synd að við skyldum ekki taka þátt.


Eftir að fundi lauk komumst við í nokkrar búðir já skóbúðir meðal annars :)



### CINDY KEMPENEERS

#### ALHEIMSFORSETI LC

Einkunnarorð Cindy eru **Put Your Heart Up**, Hún biður okkur um að fylgja hjarta okkar í hverju sem við tökum okkur fyrir hendur.



**Farið alla leið**



## MTM Tartu frh.....

Á laugardagskvöldinu var „little black dress“ partý, áður en það hófst hittust skandinavísku fulltrúarnir í þeim tilgangi að ræða meira samstarf milli norðurlandanna og búa til númerapör svo hægt væri að senda kveðjur milli sömu númera og jafnvel í framtíðinni halda númeramót. Dönsku fulltrúarnir ætla að leiða verkefnið til að byrja með.

Partýið sjálft var í gamalli lestarstöð í borginni. Var tískusýning, uppboð og fleira skemmtilegt en skemmtilegast er jú að spjalla við nýja og gamla vini og styrkja vináttuböndin.



Frábær ferð og glæsilegar móttökur hjá eistnesku konunum.

Hlakka til að fara á næsta MTM að ári

Ester Hjartardóttir, varalandsforseti.

# Jákvæðni

## Vígsla LC 12 - Sauðárkróki

Sauðárkrókur fylltist af föngulegum og flottum konum þann 15. mars sl., en þá var formlega tekinn inn nýr klúbbur í Ladies Circle Ísland, LC12.

Við vígðum inn 15 hressar skvísur sem mjög áhugasamar og flott viðbót við samtökin. Viðstaddir voru fulltrúar frá landsstjórn og LC 7 móðurklúbbi þeirra sem við þökkum fyrir að hafa verið þeim innan handar þetta ár sem þær hafa starfað.

LC12 konunum þökkum við frábærar móttökur, vel skipulagðan dag og æðislegar samverustundir sem verða lengi í minnum hafðar.



## Fjölgun í LC

Í haust voru haldnir kynningarfundir í Grindavík og á Selfossi.

Grindavíkurkonur héldu áfram að hittast eftir kynningafundinn og hafa fengið gesti í heimsókn, meðal annars frá móðurklúbbum LC 9 og LC 3. Þær eru búnar að mynda stjórn og ætla að senda fulltrúa á fulltrúaráðs- og landsfundinn í maí, sem gesti.

Við óskum þeim alls hins besta í starfinu og vígjum þær vonandi inn í haust.

Hópurinn sem mætti á kynningafundinn á Selfossi, hefur

aftur á móti ekki verið virkur. Þar sem enn eru einhverjar áhugasamar verður skoðað hvort haldinn verði annar kynningafundur næsta haust.

Round Table í Fjarðarbyggð hefur haft samband við okkur og beðið um kynningafund fyrir áhugasamar konur sem þar búa. Stefnan er að fara fyrir sumarfrí þangað og kynna okkar skemmtilega starf.

*Ef þið þekkið einhverjar konur sem gætu haft áhuga á Selfossi eða í Fjarðarbyggð, endilega látið þær og okkur vita með tölvupósti [landsforsetilc@gmail.com](mailto:landsforsetilc@gmail.com).*

## Næstu ráðstefnur – ferðastyrkir

### AGM 2014

Næsti alheimsfundur verður í borginni Vilnius, Litháen dagana 27.-31 ágúst. Nú þegar hafa um 20 konur ákveðið að fara ásamt nokkrum mökum. Þarna fáum við tækifæri til að auglýsa ráðstefnuna hér á Íslandi 2015 ásamt því að skemmta okkur saman og kynnast LC starfinu enn betur. **Hvetjum við því konur til að slást í för með okkur, minnum á facebook hópinn Vilnius 2014 LCI conference og Vilnius farar 2014.**



### MTM 2015

Fundurinn verður haldinn í **Danmörku**, nánari upplýsingar koma síðar.

### AGM 2015

Alheimsfundurinn verður haldinn á **Akureyri** dagana 20.-23. ágúst. Nú eru skipulagning komin vel á veg og frábærar konur að vinna gott starf við undirbúning. Leitað verður til kvenna á höfuðborgarsvæðinu varðandi móttökur og jafnvel heimagistingu, endilega verið opnar fyrir því. Minnum á facebook síðuna



LCI  
Conference  
2015 -  
Akureyri,  
Iceland.

### Ferðastyrkir

**Innlendir ferðastyrkir** Enn er hægt að sækja um ferðastyrk fyrir AGM í Litháen í ágúst.

Umsókn þarf að skila inn fyrir 1. apríl. Eyðublaðið er að finna á ladiescircle.is. **Sækja má um styrk úr bæði innlenda og erlenda sjóðnum.**

Umsóknarfrestur fyrir styrki úr erlenda sjóðnum er útrúnnin en var 15. janúar sl.



## Landsfundur LCÍ

1. apríl hækkar verðið um kr. 2.000. -  
Gangið frá skráningu straxxxx.. :)  
Vorkvoldireykjavik.is

(ath. Sjá breytt staðsetning Vodafonehöll)

## ÁRSHÁTIÐ



## Ladies Circle og Round Table

2.-4. Maí 2014

Skráning er hafin: [www.vorkvoldireykjavik.is](http://www.vorkvoldireykjavik.is)



2/5 Fulltrúaráðsfundur LC með kvöldverði, kr. 2000  
2/5 Grease party með RT, Vodafonehöll kr. 2500  
3/5 Aðalfundur LC m/hádegismat, Veðurstofunni kr. 2500  
3/5 Árshátíð/Galaball, með RT, Vodafonehöll kr. 7900

## Elínarsjóður



Í ár styrkjum við Alþjóðlegt góðgerðarverkefni, **Children of the dump** og er verkefnið í höndum LC Belgíu. Endilega skoðið kynningar myndbandið frá þeim. Link með slóðinni finnur þú á heimasíðu LC undir góðgerðarmál.

**Innlend góðgerðarverkefni**, frá og með næsta landsfundi munum við ákveða verkefni fyrirfram. Hugrún fráfarandi landsforseti er formaður sjóðsins og með henni starfa Ingibjörg LCS og Ásdís LCB. Klúbbar eru beðnir að senda inn tillögur að góðgerðarmálefnum á netfangið [frafarandiLC@gmail.com](mailto:frafarandiLC@gmail.com) fyrir **31. mars n.k.**



### Rokkurinn er í höndum LC 6

Allir klúbbar eru beðnir um að skrifa nokkur orð um

**„frumlegasta fund ársins“**

og senda á [bjork@keilir.net](mailto:bjork@keilir.net)

### Netföng landsstjórnar

[landsforsetiLC@gmail.com](mailto:landsforsetiLC@gmail.com)  
[varalandsforsetiLC@gmail.com](mailto:varalandsforsetiLC@gmail.com)  
[frafarandiLC@gmail.com](mailto:frafarandiLC@gmail.com)  
[LCritari@gmail.com](mailto:LCritari@gmail.com)  
[gjaldkeriLC@gmail.com](mailto:gjaldkeriLC@gmail.com)  
[vefstjoriLC@gmail.com](mailto:vefstjoriLC@gmail.com)

## Alþjóðlegurdagur LC 2014

### Akureyri LC1 LC5 LC7

Þar mættu 43 konur og af þeim voru 3 konur úr aðlinum.

Kl.18 hittumst við í Rýminu hjá Leikfélagi Akureyrar, þar tók leikhússtjórinn hún Ragnheiður á móti okkur og fengum við að sjá 15 mínútna brot úr leikritinu Lísu og Lísu. Eftir það fórum við í Samkomuhúsið hjá Leikfélagi Akureyrar þar sem leikhússtjóri fór yfir leikar leikhúsins og ýmislegt sem er á döfinni vegna 100 ára afmælis leikfélagsins. Síðan var okkur boðið uppá efrihæð leikhússins þar sem okkur var boðið uppá hvítvín og súkkulaði. Áttu við LC konur gott spjall þar. Síðan heldum við á veitingahúsið Strikið,og áttum gott kvöld með góðum mat, kynningahring og spjalli fram á kvöld.

Bestu Kveðjur, Guðbjörg LC 1

### Egilsstaðir LC 10

Stefnan var fram á síðustu stundu að fara norður og hitta dómurnar þar en veður, færð og of knappur tími varð til þess að ekkert varð úr því. Við ákváðum að búa til plan b í snarhasti, fórum í göngutúr saman og enduðum á kaffihúsi þar sem við áttum dásæmdar-kvöld saman ...heitt kakó og kökur í snjókomunni :)

Bestu Kveðjur, Jóna Björt LC 10

### Vestmannaeyjar LC 11

Við byrjuðum með vinavikuna 4.febrúar þar sem allar fengu sent bréf með nafni leynivinkonu sinnar á og settum við að það ætti helst að gera eitthvað 3 ekki minna. Allar voru voða spenntar og byrjuðu að plana eitthvað sniðugt. Sumar fengu tölvupóst frá leynivinkonu sinni strax á miðvikudeginum. Aðrar þurftu að biða fram á föstudag þangað til eitthvað fór að gerast. Það var ótrúlegt hvað þetta gekk vel og engin vissi hver sín leynivinkona var. Það var gefið inneign á kaffihús bæjarins, nagladekur ( krem,naglabjöl,naglaherðir), prjónaður var dúkur með LC í og send kaka á bakka sem var myndarammi með uppskrift kökunnar á. Allar fengum við nammi og þá aðallega súkkulaði þar sem ekkert er gaman af lífinu án súkkulaðis Winking smile emoticon Ein fékk konfektkassa sem var búið að taka saman myndir af fb og setja á lokið þannig að í staðinn fyrir að hafa þessa týpisku mynd sem er á NS konfektinu var lokið þakið myndum af henni og hennar fólki rosalega fallegt.

Svo 11.febrúar hittumst við og boðið var upp á rosalega góða grænmetissúpu og brauð og fórum við hringinn og sögðum hvað við fengum frá leynivinkonu okkar sýndum það og spjölluðum. Allar giskuðu svo á hver var sín vinkona enn það voru bara 2 sem voru með það á hreinu af einskærri lukku

Þetta heppnast alltaf rosalega vel og er alltaf jafn gaman og við ætlum að halda þessu föstu hjá okkur næstu árin.

Kveðja, Salome Ýr LC 11

### Hafnarfjörður (Höfuðborgarsvæðið og Suðurnes) LC 2, LC 3, LC 4, LC 6, LC 8, LC 9

Að nju voru það varaformenn allra klúbba sem komu að skipulagningu Alþjóðadagsins. Af höfuðborgarsvæðinu og af suðurnesjum voru það klúbbar: LC2, LC3, LC4, LC6, LC8 og LC9 sem komu saman í tilefni dagsins.

Alls mættu 70 konur í sal Rauðakrossins í Hafnarfirði og hlýddu á fyrirlestur sem Selma Björk Hauksdóttir starfskona í Konukoti flutti okkur en hún tók fyrir málefni heimilislausra í lokaverkefni sínu í Félagsfræði við HÍ.

Fyrirlesturinn var mjög áhugaverður og svaraði Selma fjölda spurninga frá konunum sem voru mjög áhugasamar um rekstur Konukots og almennt um stöðu fólks sem, fyrir margvíslegar ástæður, á ekki í önnur hús að venda en hin ýmsu gistiskýli. Að fyrirlesturinum loknum var boðið upp á góðar veitingar og léttvín selt til styrktar Konukoti. Einnig fórum við í teygjuleikinn góða og vakti hann mikla gleði, leikurinn ásamt því að konum var deilt niður á borð eftir klúbbanúmerum skapaði góða stemmingu og nýjar konur kynntust. Að uppgjöri fundarins loknu var ágóðinn kr. 70.000 gefinn til Konukots og erum við afar stoltar af þessum árangri.

Það var gaman að taka þátt í því að skipuleggja fund af þessu tagi, gefur gott tækifæri til að kynna varaformennum annarra klúbba sem verða svo formenn á næsta starfsári.

Takk fyrir okkur. Fyrir hönd varaformanna; LC 2,3,4,6,8 og 9.

Kveðja, Svanhildur Leifsdóttir LC 6

## Framboð til varalandsforseta LCÍ

Sælar LC systur.

Ég heiti Hafdís Inga Haraldsdóttir, er fertugur Akureyringur, gift Jóni Stefánssyni og eigum við tvær dætur, fæddar 2003 og 2009. Ég vinn sem dönskukennari og hef gert það síðastliðin 16 ár. Áhugamál mín tengjast að mörgu leyti vinnunni, ég er mikið Norðurlandanárd og bækur og sjónvarpsefni þaðan höfðar sterkt til mín. Ég elska að syngja og dansa og heimilisstörfin eru gjarnan unnin með tónlist í botni. Ég nýt þess að hitta góða vini yfir mat og drykk og á það til að draga fram hlaupaskó, þó þeir slitni ekki hratt. Að lokum verð ég líka að nefna starfið í LC. Ég byrjaði í LCÍ haustið 2005, eftir að hafa frétt af klúbbum í gegnum RT starf eiginmannsins.

Ég var formaður LCÍ 2009 - 2010 og vefstjóri landsstjórnar 2010 - 2011. Veturinn 2011 - 2012 fór ég í námsleyfi til Danmerkur og fann mér klúbb í Árósum sem fóstaði mig það árið. Starfið í LC hefur verið mér dýrmætt. Auk þess að kynnast nýjum konum og stækkað þannig tengslanet mitt, hef ég öðlast dýrmæta reynslu í að koma fram og sjálfstraustið aukist. Vinnan með landsstjórn, þó ekki hafi verið nema einn vetur vegna flutninga, var góð viðbót í reynslubankann og ég lærði margt um hvað felst í því að starfa fyrir landsstjórn.

Síðast en ekki síst var afar jákvætt að taka þátt í starfi LC54 í Danmörku og kveikti það enn meiri áhuga hjá mér á að leggja mitt af mörkum fyrir



félagsskapinn. Nú bíður okkar það verkefni að halda alheimsráðstefnu og ég tel að það myndi styrkja ráðstefnunefndina að hafa landsforseta innan seilingar.

Með kveðju

Hafdís Inga Haraldsdóttir, LC I

Ég heiti Hugrún Árnadóttir og er fædd 1973. Ég hef nánast alfarið alist upp á Akureyri. Ég gekk alla mína skólagöngu þar, þar með talið Háskólanámið. Ég flutti til Reykjavíkur vorið 2001 eftir að ég lauk BS námi í hjúkrunarfræði. Ég hef unnið mestmegnis á barnadeild Barnaspítala hringins og ég er enn þar í vinnu.

Ég hef mikin áhuga á félagsmálum enda hefur hjúkrunarstarfið gefið mér mikið og hefur fært mér mikla innsýn í líf barna, fullorðina og ættingja þeirra, óháð stétt, stöðu og þjóðernis.

Ég var vígd í samtökin júlín 2006- var meðlimur klúbbs LC2. Ég hef verið

gjaldkeri fyrir minn klúbb í 2 ár, frá 2011-2013. Ég hef strax frá upphafi haft áhuga á að efla mig eins mikið og ég get sem persóna, því fór ég umsvifalaust að mæta ársháttíðir, haustþing og ýmsa aðra viðburði tengt LCÍ. Auk þess hef ég farið í eitt skipti á alþjóðlegaráðstefnu (AGM) eftir þessa upplifun mína styrktist áhugi minn enn frekar alþjóðavettfangi.

Ég tel að 6 hjörtun í rokknum okkar eru tákni þeirra gilda sem ég tileinka mér í lifinu.

Mig langar að vera enn virkari þátttakandi að breiða út boðskap



þessa 6 hjarta með veru minni í Landstjórn.

Hlakka til ánægjulegra samvinnu með ykkur öllum

Bestu kveðjur Hugrún

Framboð halda áfram á næstu síðu...

I ♥ LC

## Framboð til varalandsforseta LCÍ

Sælar LC-systur

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér í landsstjórn í embætti varalandsforseta á komandi starfsári. Ég byrjaði í LC árið 2005 þegar hún Svanhvít heitin kom hingað til Eyja með nokkrum LC4 skvísium og kynnti LC fyrir okkur, en klúbburinn okkar LC-II er samt bara 5 ára núna 14.mars. Vorum loksins vígðar inn árið 2009. Þetta var erfið fæðing hjá okkur enn ég þrjúskadist við og var staðráðin í að vera áfram í þessum frábæra félagsskap. Komu samt erfiðir tímar, enn það hafðist sem betur fer, tel að það hafi orðið að veruleika hjá okkur vegna góðrar samstöðu og jákvæðni okkar í LC-II og hlakka ég alltaf til að fara á fundi og svo að hitta ykkur allar á fulltrúarráðsfundum og landsfundum.

Ég er að klára starfsárið mitt sem formaður ellefunnar og það hefur verið einstaklega gaman og þá aðallega af því að ég hef kynnst

starfinu hjá LC enn betur og kynnst ykkur öllum á þessum tíma á fundum í Keflavík, Húsavík, Egilsstöðum og á eftir að hafa gaman með ykkur svo núna í Reykjavík.

Ég er 36 ára kem frá Skagaströnd en er búin að búa í Eyjum í 12 ár. Ég er gift og á 3 yndislegar stelpur 2ja og 6 og 10 ára gamlar. Ég er búin að vera dagamma í rúm 8 ár en var að hætta því starfi og er núna hamingjusamasta fiskvinnslukona í heimi 😊

Áhugamál mín eru ekki takmörkuð við eitthvað eitt þó svo að ég geti sagt eins og allir mér finnst gaman að ferðast, sund o.þ.h. Ég elska bara að vera með fjölskyldu og vinum og hafa gaman.

Mér var bent á að sækja um varalandsforsetann á Egilsstöðum en þvertók fyrir það en það greinilega blundaði alltaf í mér þar sem mér finnst þetta einstaklega skemmtilegur hópur sem er í stjórninni, ég sló til því mig langar mig að kynnast starfinu



betur frá öðru sjónarhorni.

Það er stórt ár framundan hjá LC þar sem AGM verður haldið á Akureyri í ágúst á næsta ári og hlakka ég til að takast á við þau verkefni með ykkur öllum. Við erum nokkrar að bjóða okkur fram til varalandsforsetans og allar frábærar því er ég fegin að vera hérna megin og þurfa ekki að velja á milli 😊

Það væri heiður að fá að vera okkar næsti varalandsforseti.

Með vináttukveðju Salome Ýr Rúnarsdóttir LC-II

## Framboð til gjaldkera LCÍ

Sælar dómur. Ég heiti Steinunn Línbjörg Ragnarsdóttir, ég er 43 ára gömul og búsett á Akureyri. Ég er gift Finni Víkingssyni og við eigum tvo stráka, Baldur Þór 20 ára og Arnþór Gylfa 19 ára, og eina dómu, Katrínu Magneu 9 ára. Ég er grunnskólakennari að mennt og kenni við Giljaskóla á Akureyri. Ég er núna umsjónarkennari í 2. bekk og hef helst verið við kennslu yngri barna í grunnskóla en hef þó farið upp í 6. bekk í umsjón.

Ég hef verið í Ladies Circle 7 síðan haustið 2008. Ég var ritari í stjórn klúbbsins í 2 ár, frá 2011 – 2013. Ég sinni nú starfi gjaldkera í undirbúningsnefnd fyrir AGM 2015.

Ég hef starfað í stjórn fyrir ýmis félagasamtök, Skátafélagið Klakk, Sundfélagið Óðinn og Unglingaráð handboltans hjá Þór.

Styrkleikar mínir eru glæðlyndi, jákvæðni og heiðarleiki. Veikleikana vel ég að setja fram á jákvæðan hátt þar sem þeir trufla mig lítið en ég vildi þó stundum að ég léti þá trufla meira og gerði þá mögulega eitthvað í þeim ..... hæfilega kærulaus, skipulagt kaos á ýmsum hlutum, hef margt á þrjónunum í einu og tek mig svo til og klára margt í einu, góð að finna afsakanir til að komast hjá líkamsrækt.

Starfið hjá LC hefur gefið mér heilmikið. Ég er mikil félagsvera og LC




hefur gefið mér tækifæri til að kynnast mörgum sem eflaust hefðu annars ekki orðið á vegi mínum í gegnum lífið. Fyrir það er ég þakklát.

Kærleikur, traust og gleði. Ég býð mig fram í starf gjaldkera í landsstjórn, ég vel að fara alla leið Knús og bestu kveðjur, Steina.

I ♥ LC

Fulltrúaráðsfundur  
haust 2014 verður á  
Akureyri í umsjá LC 1  
í samstarfi við RT7



#### Ábyrgðarmenn:

Landsforseti Hildur Bára Hjartardóttir LC 6  
Varalandsforseti Ester Hjartardóttir LC 3  
Fráfarandi landsforseti Hugrún Björk Hafliðadóttir LC 3  
Hildur Ýr Kristinsdóttir gjaldkeri LC 7  
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir ritari LC 1  
Lilja Guðrún Jóhannessdóttir vefstýra LC 8

FB— Ladies Circle Iceland  
Vefsíða— [www.ladiescircle.is](http://www.ladiescircle.is)

FB— Ladies Circle International  
Vefsíða— [www.ladiescircle.org](http://www.ladiescircle.org)



## Framboð til ritara LCÍ

Sólveig Hulda heiti ég og verð 39 ára í sumari. Ég er hjúkrunarfræðingur og vinn á Lyflækningadeild SAK. Ég er gift Garðari Sigurðssyni tannlækni og eigum við 3 dætur (6, 12 og 16 ára). Ég hef verið í LCÍ frá því 2004 og finnst þetta frábær félagsskapur. Ég þarf oft að fara út fyrir minn þægindaramma í LC og það er það sem gerir félagsskapinn svo skemmtilegan.

Ég hef ekki verið nægilega dugleg að sækja fulltrúarráðsfundi og kynnast starfinu og því tel ég þetta góðan vettvang til þess. Ég hlakka mikið til þess að takast á við þetta verkefni og kynnast fleiri frábærum LC konum um allt land. Ég hef gríðarlega gaman af því að ferðast, bæði innan lands og utan og geri eins mikið af því og ég get.

Einn galli er þó á því að ég þarf alltaf að hafa einhvern ratvísan með mér í för því ég er heppin að rata heim til mín eftir vinnu svo úratviss er ég :)



Ég geng því full tilhlökkunar inn í Landsstjórn LC og vona að ég nái að vikka sjóndeildarhringinn og hafa.

Eigið góðar stundir,

Kv. Sólveig Hulda

## Förum alla leið...

Seinni hluti starfsársins hefur gengið mjög vel. Við í landsstjórn erum búnar að halda nokkra stjórnarfundir ásamt því að senda tugi tölvupósta. Við skiluðum inn hálfárskýrslu til alheimsstjórnar, förum yfir löggin okkar, unnum að stofnun og vígslu nýrra klúbba, tókum inn nýjar konur og margt fleira.

**Janúar** - hittumst allar í Hafnarfirðinum, kláruðum að fara yfir tillögur okkar að lagabreytingum ásamt því að undirbúa MTM fundinn í Tartu.

**Febrúar** - við Ester förum á MTM í Tartu, þar vorum mættar um 150 konur. Virkilega gaman og vel heppnað hjá LC skvísunum í Eistlandi. Einnig héldum við google+ fund þar sem farið var yfir ýmis málefni.

**Mars**— okkar árlega vinnuhelgi, Yndisleg helgi með frábærum vinkonum. Að mörgu er að huga á lokaspretti starfsársins, við skipulögðum m.a. fulltrúaráðs- og landsfundinn, gerðum starfs- og fjárhags-áætlanir og margt fleira ásamt því að hlægja helling og kynnast enn betur ♥ Skunduðum einnig á Sauðárkrók og vígðum inn LC 12 og þar með 15 nýjar konur sem eru

frábær viðbót í LC.

**Framundan** eru einnig spennandi og annasamir tímar, útgáfa þessa fréttabréfs, stjórnarfundir, árshátíðin, landsfundurinn og ný landsstjórn svo eitthvað sé nefnt. Í fyrsta skipti í sögu LC fengum við þrjú framboð í embætti varalandsforseta sem er frábært og segir okkur vonandi að við séum að vinna gott starf. Ég óska þeim öllum góðs gengis ♥

Með söknuði mun ég kveðja frábærar, duglegar og skemmtilegar konur úr landsstjórn sem eru nú komnar í „bestu vinkonu“ deildina. ♥♥♥♥

Að lokum vil ég þakka ykkur ÖLLUM fyrir frábært samstarf, póstana, símhringingarnar, spjallið og kynnin. Þetta er búið að vera lærdómsríkt, annasamt, skemmtilegt og þroskandi ár.

Takk kærlega fyrir mig Hildur Bára Hjartardóttir Landsforseti LCÍ 2013–14 „farðu alla leið“

